

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa haustið 2009.

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið prófdaga samræmdra könnunarprófa haustið 2009. Dagsetningar voru ákveðnar samkvæmt tillögu Námsmatsstofnunar sem voru gerðar að höfðu samráði við skólastjórnendur.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2009 verða sem hér segir:

10. bekkur

Íslenska – mánudagur 14. september kl. 09:00-12:00.

Enska – þriðjudagur 15. september kl. 09:00-12:00.

Stærðfræði – miðvikudagur 16. september kl. 09:00-12:00.

4. og 7. bekkur

Íslenska – fimmtudagur 17. september kl. 09:00-12:00.

Stærðfræði – föstudagur 18. september kl. 09:00-12:00.

Próftíminn skiptist þannig í 4. og 7. bekk:

Yfirlit um próftíma:

Bekkur	Upphaf	próftími	Hlé	Lok
10	09:00	3 klst		12:00
7	09:00	2x70 min lotur	10:10 (20 mín)	11:40
4	09:00	2x60 min lotur	10:00 (20 mín)	11:20

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2009 er kveðið á um að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnframt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði. Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.